



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við afhendingu
Íslensku bókmenntaverðlaunanna**

**Bessastöðum
28. janúar 2020**

Ágætu velunnarar bókmennta,
rithöfundar, útgefendur og skáld,
aðrir góðir gestir,
og lestrarhestar nær og fjær

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin á þessa bókastund. Senn verða Íslensku bókmenntaverðlaunin afhent hér á Bessastöðum. Já, senn ráðast úrslit í keppni þeirra bestu í heimi bóka hér á landi, að mati dómnefnda, og eru þeim færðar þakkir fyrir þeirra starf.

En hvernig keppir maður í skáldskap og fræðum? Hver er mælikvarðinn? Ekki er það þyngd ritsins eða hversu langt höfundurinn getur kastað því, svo skringileg dæmi séu nefnd. Vantar kannski þessar skýru línur sem við þekkjum úr heimi íþróttanna? Þar er hægara að úrskurða um sigur, til dæmis í langstökki eða lyftingum. Og er kannski réttast að gera skýran greinarmun á menningu og keppni? Um miðja síðustu öld fetti Kristján Albertsson fingur út í ofurdýrkun íþróttá. Gættu menn ekki hófs í þeim efnum, sagði sá mikli unnandi mennta og lista, yrði afþreyingin „hin argvítugasta þroskatöf fyrir æskuna, og jafnvel bein vitskerðing fyrir unga sem gamla. (Sbr. skandinaviska orðið sportsidiot).“

Dæmi hver fyrir sig. Reyndar má halda því fram að afreksfólk í íþróttum sé listfengt á sinn hátt. Þannig er mikil fegurð fólgin í vel útfærðu stökki, kasti eða hlaupi, nú eða marki eða stigi sem skorað er eftir snilldarinnar leikkerfi. Þetta hafa stelpurnar okkar og strákarnir okkar sýnt í áranna rás – og við skulum því bara komast að þeirri niðurstöðu að skilin milli íþróttar og bókmennta séu ekki svo skörp, og það sé vel hægt að keppa í bókasmíð, finna þar sigurvegara og verðlaunahafa. Þar fyrir utan hafa skáldin og rithöfundarnir íþróttir stundum að yrkisefni. Nú eru aðeins nokkrir dagar síðan landsliðsdrengirnir í handbolta luku keppni á Evrópumóti með ágætum árangri, enda gerðu þeir sitt besta. Enginn skyldi efast um það og maður biður ekki um meira. Ég þakka strákunum fyrir góða skemmtun og óska þeim og öðrum íþróttaköppum okkar góðs gengis í framtíðinni.

En skoðum einmitt birtingarmyndir handbolta í bókmenntum, á þessu úrslitamóti hér. Þær má víða finna. Söguhetjur Þorgríms Þráinssonar, eins vinsælasta höfundar ungmennabóka á Íslandi, eru einatt í fótbolta. Strákar æfa hins vegar handbolta í verki Einars Kárasonar um Killiansfólkið og þar var Láki frændi mikill garpur, „ótrúlega lunkinn og útsjónarsamur með boltann, komst inn í sendingar oft en aðrir og skeiðaði upp völlinn með nettu dripli“

Við getum haldið áfram. „Palli réðst á matinn eins og varnarmaður í handbolta,“ segir í bók Gunnars Helgasonar um „mömmu klikk“ en Ormur Óðinsson í Gauragangi Ólafs Hauks Símonarsonar þolir önn fyrir vin sinn Hallfreð sem hugsar bara um handbolta og keppir „með einhverju fáránlegu liði, Víkingum eða hvað þeir nú hétu þessir svitakeppir“.

En hvar eru stelpurnar? Æfa þær ekki handbolta? Jú, það kemur fyrir, til dæmis í bók Andrésar Indriðasonar, Bara okkar á milli. Maríanna líður um síðurnar þar og strákurinn í forgrunni lætur sig dreyma um hana: „Hún var ekki bara ljósmyndafyrirsæta. Hún var líka handboltastjarna og steingeit, hún elskaði lasanja og allt sem var ítalskt ...“

En kannski vantar okkur einmitt sögur af fleiri stelpum að gera það gott, stelpum sem eru óstöðvandi. Það kemur örugglega og kannski hef ég gleymt einhverjum slíkum sögum í þessari yfirferð – og munum líka í allri þessari karlaupptalningu eftir skrifum kvenskálda um handbolta. Í Landi hinna týndu sokka lætur Gerður Kristný Ísaki leiðast svo mjög í þeirri íþrótt að hann gerir sér upp meiðsli í leik þannig að hann verður að hverfa af velli – en í stúkunni spyr stolt amma bróður hans í forundran: „,Sé ég rétt, Þorgeir? Haltraði hann? Eftir

að hafa fengið boltann í öxlina? Ég á ekki orð,“ ... Fyrir orðlausa konu finnst Þorgeiri hún tala heldur mikið.“

Ungir sem aldnir nær og fjær: Allar þessar sögur og allar hinar er hægt að sækja á næsta bókasafn, kaupa í næstu bókabúð eða á netinu. Alla þá heima, sem bækurnar geyma, raunheima og tilbúna, er hægt að hverfa inn í, fræðast og læra en láta líka ímyndunaraflið ráða för.

Hér og nú verðum við víst að hverfa aftur að máli málanna, afhendingu hinna Íslensku bókmenntaverðlauna. Áður en að því kemur stenst ég þó ekki mátið og rek að lokum eina nýjustu handboltalýsingu rithöfunda á landi hér. Í Kokkáli Dóra DNA veltir Örn því stundum fyrir sér hvað kærastan Hrafnhildur sér við hann, og þakkar það meðal annars æfingum í þeirri göfugu íþrótt:

En ég er hávaxinn og handboltinn í æsku gerir það að verkum að ég er íþróttamannslega vaxinn. Ég er með há kinnbein og ef ég sleppi því að raka mig verð ég dökkur og fallegur yfirlitum, eins og Tyrki eða Armeni.

Líkamlega er ég bara á við flesta. Ég hef aldrei fundið til minnimáttarkenndar, þannig séð. Það var samt kannski ekki vegna þess hvernig ég lít út sem fólk varð hissa þegar við byrjuðum að vera saman. Ég er bara svo frábrugðinn fyrrverandi elskhugum hennar.

Ég er ekki rithöfundur eða handrukkari eða bóndi eins og fyrrverandi kærastarnir hennar (hún var líka með gæja sem var tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og flissar alltaf þegar hann sér mig).

Góðir áheyrendur: Ég býð ykkur aftur velkomin á þessa hátíð íslenskra bókmennta. Nú syngur Jónas Sigurðsson lagið „Ég veit um stað“. Jónas samdi sjálfur lag og texta og Tómas Jónsson leikur undir. Að þessu loknu mun Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, taka til máls.